

Vegagerðin
Erlingur Jensson, deildarstjóri
Breiðumýri 2
800 Selfoss

2004070082
8509; 9310

Reykjavík, 28. desember 2004
/--

Efni: Hringvegur um Eldvatnsbotna, Skaftárhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 18. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framkvæmd á Hringvegi um Eldvatnsbotna, Skaftárhreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 15. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. nóvember 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. desember 2004. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 7. desember og tölvubrési dags. 21. desember 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Vegagerðin fyrirhugar lagfæringu á Hringvegi á 0,6 km löngum kafla um svokallaða Eldvatnsbotna sem eru í Eystra-Eldhrauni skammt vestan við Hverfisfljót í vestur-Skaftafellssýslu. Færslan á veglínunni verður mest um 80 m þar sem vegurinn fer yfir tiltölulega nýlegt hraun. Um er að ræða öryggisaðgerð þar sem lagður verður beinni vegur en núverandi vegur krækir fyrir hraunbolla, fer um hraunið í kröppum beygjum og fylgir hæðóttu landslagi. Áætlað er að framkvæmdir verði árið 2005. Efnistaka, um 12.000 m³, er fyrirhuguð úr ógrónum áreyrum Djúpár (ekki árfarvegum), en þar hefur áður verið tekið efni en einnig muni koma um 3.000 m³ úr skeringum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun en einhver truflun kunni að verða vegna rasks á framkvæmdatíma.

Áhrif á landslag. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni

hafa nokkur áhrif á landslag vegna skeringa og fyllinga sem þarf til að fá góða hæðarlegu á veginn . Núverandi veg muni líklega áfram sjást þar sem hann víki frá núverandi vegi en reynt verði að gera hann lítið áberandi í landinu með því að jafna út kanta hans.

Áhrif á gróður. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróður í hrauninu þar sem framkvæmdasvæðið verði aðeins um 0,6 km langt og Vegagerðin muni græða upp gróðursvæði sem raskast við framkvæmdina, þar sem það á við en ekki verði sáð í vegkanta svo grendargróður nái sér sem fyrst á strik.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé kunnugt um neinar fornminjar á vegsvæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lega Hringvegur sé í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps en fyrirhuguð breyting á legu vegarins sé hins vegar það lítil að hún komi ekki fram á skipulagsupprætti.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi.

Vegagerðin telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði minniháttar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróður. Umhverfisstofnun bendir á að Skaftáreldahraun er meðal náttúruvænna sem talin er ástæða til að friðlýsa í tillögum Umhverfisstofnunar í náttúruverndaráætlun 2004-2008. Umhverfisstofnun telur að unnt sé að draga frekar úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en ráð er fyrir gert í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar. Minnka þurfi skeringar og aðlaga yfirborð og brúnir þeirra að landi eins og kostur er og raska þannig eins litlum hluta yfirborðs hraunsins og kostur er. Eldri vegur verði ekki jafnaður út í mosagóid hraun, heldur verði efni úr honum ekið burt og hreinsað af vegsvæði eins og kostur er þegar not verða fyrir það við framkvæmdir.

Í bréfi Vegagerðarinnar til Umhverfisstofnunar dags. 7. desember sl., með afriti til Skipulagsstofnunar, er lýst þeim breytingum á fyrirhugaðri vegagerð sem Vegagerðin og Umhverfisstofnun urðu ásátt um að drægju úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þær felast í því að halda skeringum í lágmarki, aðlaga skeringabrúnir að landinu í kring og fjarlægja gamla veginn eftir því sem hægt er á næstu árum í stað þess að jafna hann út.

Að teknu tilliti til þeirra breytinga á framkvæmd sem lýst er í bréfi Vegagerðarinnar, dags. 7. des. s.l. og þeirra upplýsinga sem fram koma í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar um framkvæmdina telur Umhverfisstofnun ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að Eystra-Eldhraun í Skaftárhreppi muni hafa runnið árið 1783 og litlar sem engar líkur á að fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu en minnt er á að ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagfæringu á Hringvegi 1 á 0,6 km löngum kafla um svokallaða Eldvatnsbotna, Skaftárhreppi. Færsla á veglínunni yfir hraunið frá núverandi vegi verður mest um 80 m. Efnispörf er um 15.000 m³ og er áætlað að um 12.000 m³ komi úr námu á áreyrum Djúpár en um 3.000 m³ úr skeringum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag, jarðmyndanir og gróður verði óveruleg að teknu tilliti til þess verklags sem Vegagerðin hefur ákveðið að viðhafa við framkvæmdina ssbr. bréf Vegagerðarinnar dags. 7. des. 2004..

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á Hringvegi 1 á 0,6 km kafla um svokallaða Eldvatnsbotna, Skaftárhreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002 - 2014.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. janúar 2005.

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.

